

20. Frumvarp

til laga um framlenging á gildi laga nr. 40, 26. október 1197, um bráðabirgðahækkun á burðargjaldi,

(Lagt fyrir Alþingi 1919.)

1. gr.

Lög nr. 40, 26. október 1917, um bráðabirgðahækkun á burðargjaldi, skulu vera í gildi til ársloka 1921.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1920.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Vegna hags ríkissjóðs og aukins kostnaðar af póstmálunum yfirléitt, þykir eigi verða hjá því komist að framlengja lög þessi næsta fjárhagstímabil, sbr. aths. við fjárlagafrv. og frv. um framlenging vörutollslaganna.